

Skipulagsstofnun
b.t. Tinnu Jónsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 28. maí 2021
UST202104-354/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – tillaga að matsáætlun – seiðaeldisstöð á Röndinni á Kópaskeri

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Framkvæmdarlýsing

Rifós hf. (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) áformar að byggja fiskeldisstöð á Röndinni við Ósa Snartarstaðarlækjar á Kópaskeri en um er að ræða fiskeldi á landi. Gert er ráð fyrir að framleiðslugeta eldisins verði um 8.800 tonn af laxfiskum á ári á fjórum kerjapöllum sem hver er með allt að átta útikerjum, alls 32 ker. Standandi lífmassi verður að hámarki 2.700 tonn. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir 24 borholum (16 tommu) innan lóðar þar sem borað verður eftir jarðsjó ásamt veitulögnum þeim fylgjandi og að vatnstaka úr borholum verði að hámarki 3.230 l/sek. Stærð lóðar er 34.375 m². Ráðgert er að framleiða laxaseiðin í seiðaeldisstöð Rifóss hf. í Kelduhverfi og flytja þau svo 40 km leið að Kópaskeri í sérstökum tankbíl. Eftir að seiðin hafa verið alin í fiskeldisstöðinni er ráðgert að flytja þau til sjókvía Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði og Fáskrúðsfirði.

Gildandi deiliskipulag Randarinnar Kópaskeri sem samþykkt var í ársbyrjun 2020 gerir ráð fyrir að umfang fiskeldisins verði um 2.000 tonn á ári og vatnstaka um 150 l/sek að meðaltali. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að unnið sé að breytingu á deiliskipulagi svo að framkvæmdin samræmist skipulagi.

Starfsleyfi

Framkvæmdaraðili hefur starfsleyfi fyrir 2.000 tonna framleiðslu laxfiska á ári, á einum kerjapalli, þar sem standandi lífmassi er að hámarki 400 tonn á hverjum tíma en leyfið var gefið út af Umhverfisstofnun 21. maí sl. Umhverfisstofnun veitt umsögn um matsskyldu þeirrar framkvæmdar þann 5. ágúst 2020.

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að hafist verði handa við stækkun eldisstöðvarinnar þegar umhverfismati er lokið og tilheyrandi leyfum hefur verið aflað. Umhverfisstofnun minnir á að málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð tillögu að matsáætlun kemur fram að helstu þættir framkvæmdar sem talið er að geti valdið umhverfisáhrifum eru vatnstaka, fráveita í viðtaka og mannvirkjagerð. Metin verða áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: grunnvatn, fugla, sjónræn áhrif, fornleifar, náttúruverndarsvæði, lyktarmengun og útivist og upplifun. Ekki er talin þörf á frekara mati á áhrifum framkvæmdar á vatnsgæði og lífríki viðtaka, gróðurfar, hljóðmengun, landslag, heilsu og öryggi og atvinnulíf og byggðarþróun.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir og metið ofangreinda tillögu að matsáætlun og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Vatnsnýting, frárennsli og förgun

Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir því að dæla 12-14°C jarðsjó upp úr 24 borholum í eldisstöðina þar sem stórseiði verða alin. Vatnstaka verður um 1.472 l/sek að ársmeðaltali og mesta vatnstaka 3.230 l/sek en öll vatnsveita og lagnir verða grafnar í jörð. Umhverfisstofnun minnir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og tekur fram að grunnvatnshlot sem framkvæmdarsvæðið tilheyrir nefnist Melrakkaslétta og hefur vatnshlotanúmerið 102-136-G. Eina skráða álagið á vatnshlotið í vatnavefsjá stjórnar vatnamála er frá sörpmeðhöndlun á Kópaskeri. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er óþekkt. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Frárennsli verður hreinsað með tromlusíum og er gert ráð fyrir að um 847 tonn af fastefni falli til á hverju ári. Fastefnið verður sett í tanka innan lóðar sem verða tæmdir reglulega. Ráðgert er að nýta úrganginn sem fellur til sem áburð til landgræðslu og fóðurframleiðslu. Að jafnaði inniheldur fastefni sem samansett er úr fóðurleifum og úrgangi frá eldisfiski mikið af nitri og fosfór sem hentar vel sem áburður á land. Skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal leitast við því að velja þá kosti sem skila bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning falinn í endurnýtingu fastefnis. Frárennslið verður leitt í viðtaka með niðurgrafinni frárennislögn í í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Viðtakinn hefur vatnshlotanúmerið 102-1367-C og nefnist Hvanndalir að Digranesi og er í Öxarfirði. Vatnsflokkurinn er strandsjór og ekki er litið svo á að vatnshlotið sé í hættu.

Tekið er fram í greinargerð að frekari rannsóknir á viðtaka séu metnar ónauðsynlegar að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. Stofnunin kannast ekki við að hafa veitt þær upplýsingar að rannsóknir á viðtaka séu ónauðsynlegar í tengslum við þá framkvæmd sem hér er til umfjöllunar. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála skal allt vatn vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Að mati Umhverfisstofnunar er ólíklegt að losun frá eldisstöðinni valdi neikvæðum áhrifum á lífríki viðtaka ef hreinsun frárennslis er með þeim hætti sem lýst er í greinargerð og tilhögun frárennslis í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999. Stofnunin bendir á að í starfsleyfi verða gerðar kröfur um vöktun losunar sbr. c-lið 1 mgr. 9 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skal vöktunin byggja á vöktunaráætlun sbr. e-lið 33 gr. sömu laga.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdarsvæðið er á svæði sem nefnist *Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi* og er númer 537 á lista yfir aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Svæðinu er lýst sem jarðmyndun

frá lokum Ísaldar (Kópaskersskeið). Þar er sjávarset með skeljum og jökulruðningi og þar eru einnig minjar um hopunarsögu Ísaldarjökulsins.

Umhverfisstofnun vísar í eldri umsagnir er varða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurlands og nýs deiliskipulags fyrir Röndina á Kópaskeri.¹ Í umsögnunum kemur skýrt fram að stofnunin telur að tillaga um breytingu á skilgreiningu svæðisins norðan megin við Ósa Snartarstaðarlækjar í iðnaðarsvæði sem nýtt verði fyrir fiskeldi á landi muni raska náttúruminum og rýra verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað sé að því að halda raski á lágmarki.

Í tillögunni kemur fram að ljósmyndir verði teknar til að meta hversu mikið svæðið er raskað af fiskeldisstöð sem áður stóð á framkvæmdarsvæðinu og að metið verði hvernig hægt verði að byggja upp fiskeldisstöðina með þeim hætti að jarðminjum sé sem minnst raskað og merkustu minjunum haldið utan þess svæðis sem uppbygging verður sem mest. Umhverfisstofnun leggur til að framkvæmdaraðili kortleggi náttúruminjar á svæðinu svo hægt sé að meta rask á minjunum.

Umhverfisstofnun vísar í eldri umsögn er varðar matsskyldufyrirspurn um 2.000 tonna framleiðslu á laxfiskum á Röndinni, Kópaskeri,² þar sem vakin er athygli á því að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. Tillögurnar af B-hluta náttúruminjaskrár eru í vinnslu hjá Umhverfisstofnun sbr. ákvæði þar að lútandi í náttúruverndarlögum nr. 60/2013. Tillögurnar hafa ekki enn hlotið málsmeðferð og því ekki verið samþykktar en Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið Melrakkaslétta sem fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) vegna þeirra vistgerða, fugla og sela sem þar eru. Í kortasjá NÍ er hægt að finna upplýsingar um staðsetningu tillaganna.³ Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessar upplýsingar um tillögusvæðin séu hafðar til hliðsjónar þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

Umhverfisstofnun telur greinargerðina heilt yfir vera vel framsetta og gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Tillaga_-_breyting_%c3%a1_a%c3%b0alskipulagi_Nor%c3%b0ur%c3%beings_og_n%c3%bdt_deiliskipulag_-_R%c3%b6ndin_%c3%a1_K%c3%b3paskeri.pdf

² <https://ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Mat%20%c3%a1%20umhverfis%c3%a1hrifum%20-%20Matsskyldufyrirspurn%20-%20R%c3%b6ndin%20K%c3%b3paskeri%20-%20Fiskeldi.pdf>

³ <https://natturuminjaskra.ni.is/>